

# EXETER HOTEL

## SJÁLFBÆRNISTEFNA – SAMÞÆTTIR HAGSMUNI UMHVERFIS, SAMFÉLAGS OG EFNAHAGS Í EINA HEILD.

### STEFNULÝSING

Það er stefna Exeter hótels að vinna að heilindum að sjálfbærnimálum og hafa jákvæð áhrif á hag- aðila með því að gæta að beinum og óbeinum umhverfis- og félagslegum áhrifum starfseminnar og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Exeter hótél setur sér mælanleg markmið til þess að fylgja eftir framkvæmd stefnunnar. Lögð er áhersla á að mælingar verði framkvæmdar í mála- flokkum sem hótelið getur haft mest áhrif á og eru mikilvægir fyrir kjarnastarsemina.

Með markvissu hætti verður stefnt að því að auka þekkingu starfsfólks, samstarfsaðila, birgja, viðskiptavina og annara hagaðili í vegferðinni að sjálfbærri framtíð.

### HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Með þessari stefnu skuldbindur hótelið sig til að fylgja eftir og leiða þá vinnu sem felst í því að lágmarka þau þau neikvæðu áhrif sem starfsemi hefur á nærumhverfið sitt. Heilnæmt umhverfi stuðlar ekki aðeins að bættri heilsu og vellíðan starfsmanna heldur einnig samfélagsins og viðskiptavina sem við þjónum. Hagaðilar eru stjórn, starfsfólk, viðskiptavinir, birgjar, samstarfsaðilar og samfélagið allt.

Stefnan er í samræmi við tilgang, gildi og meginreglur sjálfbærrar þróunar og nær til allrar starfsemi Exeters hótels. Stjórn félagsins setur stefnuna og tryggir innleiðingu hennar. Stjórnendur bera ábyrgð á því að efni stefnunnar endurspeglar í starfsemiinni allri og starfsfólk ber að starfa samkvæmt þeim ferlum, reglum og verklýsingum sem sett eru á grundvelli hennar.

Til að standa við þessa skuldbindingu leggur Exeter hótél áherslu á að vinna að samþættingu umhverfis, samfélags og efnahags með sjálfbærni að leiðarljósi og skapa þannig umbætur og velmegun í samfélaginu.

### UMHVERFI

Hótél Exeter leggur áherslu á að meta og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemi hótelsins kann að hafa á umhverfið. Tekið verður mið af umhverfisvernd hvað varðar förgun úrgangsefna, flokkun og endurnýtingu umbúða og val á rekstrarvörum. Með hliðsjón af þessu einsetur hótelið sér að draga markvisst úr og fyrirbyggja losun gróðurhúsalofttegunda tengdri starfsemiinni, minnka orkunotkun og lækka hlutfall óflokkaðs úrgangs. Stefnt er að því að mæla kolefnisfótspor og beita mótvægisaðgerðum til að jafna losun.

Hótelið setur fram umhverfismarkmið og aðgerðaráætlun sem eru birt og uppfærð í árlega.

### SAMFÉLAG

Exeter hótél leggur áherslu á jafnrétti, fjölbreytileika og víðtæka þátttöku í starfsemiinni bæði hvað varðar starfsfólk og viðskiptavini. Lögð er áhersla á góðan starfsanda, gagnsæi, skýra verkferla og umboð til athafna. Stöðugt er unnið í umbótum til að auka ánægju og afköst. Starfsfólk er hvatt til að vera félagar í fagfélögum, sækja fræðslu og deila þekkingu.

Hótelið leggur áherslu á virðingu fyrir mannréttindum og að eiga ekki viðskipti sem tengjast við hvers konar mannréttindabrot, t.d. mismunun á grundvelli kyns, kynhneigðar, trúar eða kynþáttar.

Exeter styður nærsamfélagið og skuldbindur sig til að taka þátt í staðbundnum verkefnum og viðburðum.

### STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn Exeters leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að þróa þá stöðugt og styrkja. Hún einsetur sér að framfylgja þeim lögum og reglum sem um starfsemi gilda. Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að ábyrgri stjórnun, vandaðri ákvarðanatöku og stuðla að traustum samskiptum milli hluthafa, stjórnar, stjórnenda, starfsfólks og annarra hagaðila og draga þannig úr líkum á hagsmunaárekstrum.

Við leggjum ríka áherslu á að halda rekstri okkar sterkum og ábyrgum, með hagsmuni viðskiptavina, starfsfólks og samfélagsins alls að leiðarljósi. Ánægja viðskiptavina er ávallt sett í forgrunn og verður því fylgt eftir með reglulegum mælingum.

Exeter hótél fer að viðeigandi lögum og reglum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga auk þess sem hótelið hefur sett starfsreglur fyrir stjórn, stjórnendur og starfsmenn hótelsins.

### HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar umhverfislegu, samfélagslegu og efnahagslegu. Þau fela einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Exeter hótél styður á einn eða annan hátt flest öll heimsmarkmiðin en leggur áherslu á eftirfarandi markmið þar sem þau eiga best við kjarnastarfsemi félagsins.



### ENDURSKOÐUN STEFNU:

Stefna þessi skal rýnd árlega og uppfærð eftir þörfum.

# MARKMIÐ, MÆLINGAR OG AÐGERÐARÁÆTLUN TIL 2026

MARKMIÐ	MÆLIKVARÐI	AÐGERÐIR	TÍMARAMMI	ÁBYRGÐ	FRAMKVÆMD
<h2>UMHVERFI</h2>					
Draga markvisst úr og fyrirbyggja losun gróðurhúsalofttegunda tengdri starfsemi.	Exeter hótél mælir og miðli kolefnisfótspori sínu. Lokið/ólókið	Fólk bílar í eigu Exeter gangi fyrir vistvænum orkugjöfum. Velja birgja sem mæla og miðla kolefnisfótspori sínu eins og kostur er.	2025	Stjórn	Hótelstjóri
Sjálfbær virðisæðja	Gera birgjamat Lokið/ólókið	Meta áhættu af stærstu birgjum hótelsins	2024	Stjórn	Hótelstjóri
Umhverfisvænar umbúðir	Hlutfall verði 100% árið 2024	Setja kröfu í samninga til birgja að umbúðir verði umhverfisvænar og plastlausar	2024	Stjórn	Hótelstjóri
Hagkvæm nýting rafmagns	Draga úr notkun rafmagns um 2% á ársgrundvelli	Starfsmenn og gestir eru hvattir til að slökkva á tækjum þegar þau eru ekki í notkun Orkusparandi perur eru notaðar eins og kostur er Settir eru upp hreyfinema fyrir lýsingu þar sem við á Orkusparandi tæki og búnaður valin þegar endurnýja þarf gömul tæki	Árlega	Stjórn	Hótelstjóri
Hagkvæm nýting á heitu og köldu vatni	Halda notkun stöðugri milli ára	Mæla og taka stöðu reglulega Setja upp snjallmælingar á heitu og köldu vatni Hvetjum starfsfólk okkar og gesti að láta ekki vatn renna að óþörfu	Árlega	Stjórn	Hótelstjóri
Minnka sóun	Hlutfall óflokkaðs úrgangs minnki um 2% á milli ára	Greining á óflokkuðu sorpi og flokkuðu Við bjóðum gestum okkar að flokka úrgang Við notum endurnýtanlegt í stað einnota þar sem mögulegt er Við stefnum að minnkun pappírnotkunar, prentum ekki út efni að óþörfu og prentum beggja vegna á blöð Við rýnum í öll innkaup, kaupum endurvinnanlegar vörur og kaupum ekki vörur í smáum einingum	Árlega	Stjórn	Hótelstjóri
Hringrásarlausnir (endurnýjun búnaðar, tæki og annað sem til fellur) við framkvæmdir	Skrásetning á búnaði ofl sem hæft er til endurnýtingar Lokið/ólókið	Skila búnaði og vörum í endurvinnslu	Árlega	Stjórn	Hótelstjóri
Innleiðing umhverfisstaðals	Lokið fyrir árið 2026	Greining á viðmiðum, eftirfylgni og eftirlit með viðmiðum vottunar	2026	Stjórn	Hótelstjóri
<h2>SAMFÉLAG</h2>					
Stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika og markvissri vinnu með nærsamfélaginu (Höfnin/Hafið)	Fjöldi verkefna	Þátttaka og styrkir til verkefna sem snúa að hreinsun hafsins Þátttaka í náttúruverndar verkefnum í nærsamfélagi Hvetja viðskiptavini okkar til að styrkja Bláa herinn	Árlega	Stjórn	Hótelstjóri
Leitast við að lágmarka ónæði vegna hljóðs í nærsamfélaginu	Hljóðstyrkur fari ekki yfir 90 dB	Reglulegar hljóðvistamælingar Skrá og ferla viðbrögð við kvörtunum vegna ónæðis af völdum hljóðs	Þegar við á	Stjórn	Hótelstjóri
Samræming samgöngumáta	Lokið / ólókkið	Hvetja starfsfólk og viðskiptavini til að nota umhverfisvænan samgöngumáta	2024	Stjórn	Hótelstjóri
Hámarka ánægju starfsfólks og gesta	Ánægja starfsfólks verði 85% Ánægja gesta með þjónustu verði 85% Lokið / ólókkið	Mæla og taka stöðu reglulega. Markvisst unnið að aðgerðum til að efla góðan starfsanda, skýra verkferla og umboð til athafna	2ja ára fresti	Stjórn	Hótelstjóri
<h2>STJÓRNARHÆTTIR</h2>					
Ábyrgð ákvarðanatataka með sjálfbærni að leiðarljósi	Lokið / ólókkið	Innleiða siða og starfsreglur félagsins. Innleiða verkferla í starfsemi sem stuðla að aukinni sjálfbærni	2023	Stjórn	Hótelstjóri
Sjálfbærir valkostir fyrir viðskiptavini	Hlutfall af sjálfbærnitengdri þjónustu	Auka vægi sjálfbærrar þjónustu og framboð Eiga í viðskiptum við ferðaþjónustuaðila sem hafa sett sér markmið í aukinni sjálfbærni	On going	Stjórn	Hótelstjóri
Sköpun langtíma virðisauka	Regluleg endurskoðun á verðlagningu hótélherbergja Herbergisnýting verði 85% á ársgrundvelli	Auka og viðhalda góðri nýtingu	On going	Stjórn	Hótelstjóri